



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. september 2024
MSS24090009

Samþykkt íbúaráðs Laugardals um umferðaröryggi við Dalbraut og Sæbraut

Á fundi íbúaráðs Laugardals 9. september 2024, var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga íbúaráðs Laugardals, sbr. 5. liður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Laugardals samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að bæta umferðaröryggi bíla með beygjuljósi þegar keyrt er upp Dalbraut að Sundagörðum og beygt til vinstri inn á Sæbraut. Þarna hefur fólk oft komist í krappan þegar stór ökutæki byrgja ökumönnum sýn á umferð úr gagnstæðri átt. Ökumenn sem keyra frá Sundagörðum til suðurs yfir gatnamótin og inn á Dalbraut hindra sýn á aðra sem koma samsíða og eru á leið beint yfir, stundum á töluverðum hraða sem gerir fyrrgreinda vinstri beygju hættulega.

Óskað er eftir að samþykkt íbúaráðs Laugardals um umferðaröryggi við Dalbraut og Sæbraut verði tekin til meðferðar á vettvangi umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Laugardals um umferðaröryggi við Dalbraut og Sæbraut




Reykjavík, 2. september 2024

MSS24090009

TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Laugardals um umferðaröryggi við Dalbraut og Sæbraut

Lagt er til að íbúaráð Laugardals samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að bæta umferðaröryggi bíla með beygjuljósi þegar keyrt er upp Dalbraut að Sundagarðum og beygt til vinstri inn á Sæbraut. Þarna hefur fólk oft komist í krappan þegar stór ökutæki byrgja ökumönnum sýn á umferð úr gagnstæðri átt. Ökumenn sem keyra frá Sundagarðum til suðurs yfir gatnamótin og inn á Dalbraut hindra sýn á aðra sem koma samsíða og eru á leið beint yfir, stundum á töluverðum hraða sem gerir fyrrgreinda vinstri beygju hættulega.



Reykjavík